

Nd.

27. Frumvarp

til laga um heimild til sölu þjóðjarðarinnar Sauðár.

Flutningsmaður: Jón Sigurðsson.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að selja Sauðárkrókshreppi þjóðjörð-
ina Sauða í Skagafjarðarsýslu, að undanskilinni verslunarlóðinni eins og hún
er ákveðin með lögum nr. 51, 28. nóv. 1919, fyrir það verð, sem dómkvaddir,
óvilhallir menn meta, og með þeim borgunarskilmálum, sem gilda um aðrar
þjóðjarðir.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, er Sauðárkrókskaupþún bygt úr eða í landi þjóð-
jarðarinnar Sauðár. Kaupþún þetta er nú orðið töluvert fjölment, og með því að
sjávarútvegur verður ekki rekinn þar nema tiltölulega skamman hluta af árinu,
má teljast ógerningur fyrir verkamenn að ætla sjer að lifa á sjávarútvegi ein-

göngu. Almennigur verður því að afla sjer nokkurra tekna á annan hátt, en þar er ekki um margt að velja. Að sönnu er nokkra vinnu að hafa hjá kaupmönnum og kaupfelagi hjeradsins, sjerstaklega við afgreiðslu skipa, en að því fráskildu er naumast um annað að gera en einhvers konar landsnytljar eða jarðarafnot. Þetta hefir orðið til þess, að fjölmargir íbúar kauptúnsins hafa komið sjer upp litlum fjárstofni og margir hafa 1 kú, en ef kauptúnsbúar eiga ekki ráð á umræddri jörð, er mjög erfitt fyrir þá að framfleyta þessum sjenaði, vegna þess að sú jörðin, sem í raun rjettri er sú einasta, sem líkindi eru til að kauptúnsbúar geti fengið leigð afnot af, hefir fyrir skömmu verið seld svo háu verði, að hinir nýju eigendur verða eigin hagsmuna vegna að selja afnot jarðarinnar hærri verði en svo, að kauptúnsbúar geti undir risið. Sauðá er ekki stór jörð, en sauðbeit er þar góð, engi töluverð og kúahagar sæmilegir. Ábúandi jarðarinnar er við aldur, en hefir lífstíðarábúð, og vitaskuld haggar væntanleg sala ekki rjetti hans í neinu.